

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 14. mars 2017 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Brynhildur Þórarinsdóttir, Hilmar Hilmarsson og Þröstur Helgason. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Málþing í haust. Undirbúningur.

Stefnt er að um tveggja stunda málþingi 10. eða 11. október um lestur unglunga og skort á áhugaverðu lesefni fyrir þá.

Aðild að þinginu auk Íslenskrar málnefndar: Félag íslenskra bókaútgefanda (FÍBÚT), Barnabókasetur á Akureyri, Félag höfunda barna- og unglungabóka (SÍUNG) og Samtök móðurmálskennara.

Hugmyndin er að hafa málþingið tvískipt. Í fyrri hluti málþingsins yrðu haldin sex 7–10 mín. erindi. Eitt erindi verður frá Félagi íslenskra bókaútgefanda (FÍBÚT) um útgáfu unglungabóka, t.d. um það hvernig seljast bækur á íslensku fyrir aldurshópinn 16–20 ára, hversu mörg handrit berast og hvort eitthvað er þýtt fyrir þennan aldurshóp. Tvö erindi frá Samtökum íslenskra barna- og unglungabókahöfunda (SÍUNG) og þrjú erindi frá unglungum. Síðari hlutinn fer í umræður unglunga þar sem þeim er skipt niður á nokkur borð og þeir ræðast við undir stjórn annaðhvort framhaldsskólakennara eða rithöfundar. Í lokin verða dregnar saman niðurstöður.

Haft verður samband við Samtök móðurmálskennara til að fá hugmyndir um sal og unglunga sem gætu flutt stutt erindi. Miðað verður við unglunga í fyrsta bekk og hugmyndin er að fá nemendur úr 3–4 framhaldsskólum. Óskað verður eftir að MS sjái um veitingar í hléi. Kannað verður hvort RÚV vilji vinna dagskrá um málþingið og efni þess og senda út. Með því móti næðist til unglunga um allt land með aðstoð kennara eða skólastjórnenda. Endanleg dagskrá er enn í mótun.

2. Málræktarþing í nóvember. Undirbúningur.

Málræktarþing verður haldið miðvikudaginn 15. nóvember í Þjóðminjasafninu og efni þess er ritun. Haldin verða fjögur stutt innlegg og árleg ályktun um stöðu íslenskrar tungu kynnt. Einnig verða veittar viðurkenningar sem tengjast efni málræktarþingsins.

Svanhildur Sverrisdóttur hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu er tilbúin til að tala á málþinginu um rannsókn sem hún gerði. Að öðru leyti er dagskrá enn í mótun.

Ármann Jakobsson mun skrifa ályktunina. Rætt var um viðurkenningar sem tengjast efni málræktarþingsins og hugmyndir að verkefnum sem hægt væri að vekja athygli á í þessu samhengi.

3. Fundur í fullskipaðri málnefnd í mars

Fundur í fullskipaðri málnefnd verður haldinn fimmtudaginn 23. mars. Á þeim fundi mun formaður greina frá undirbúningi málþings í október og varaformaður greina frá undirbúningi málrættarþings í nóvember. Rætt verður um ályktun um stöðu íslenskrar tungu.

4. Önnur mál

Aukist hefur að tölvuskeyti berist beint til málnefndar í gegnum heimasíðuna íslenskan.is. Formaður sagði frá tölvuskeyti frá Jóni Stefánssyni í Hvolsskóla þar sem bent var að æskilegt væri að þýða á íslensku tölvuleikinn *Minecraft* sem er mjög vinsæll. Einnig nefndi formaður skeyti frá Pétri Haraldssyni sem kvartar yfir því að orðið *sjúklingur* sé ótækt og lítillækkandi. Þessum skeytum mun verða svarað fljótlega. Einnig barst fyrirspurn um íslenskt heiti fyrir *apathy* og *spatial disorientation*. Þeirri fyrirspurn hefur þegar verið svarað. Formaður greindi frá því hann hefði lesið grein í DV þar sem agnúast var út í orðið *hraðbanki* í stað þess að nota orðið *ATM vél*. Formaður sendi viðkomandi blaðamanni tölvupóst og benti honum á lög um íslenska tungu.

Engin svör hafa borist við þeim bréfum sem Íslensk málnefnd hefur sent til Listasafns Íslands eða Menntamálastofnunar.

Formaður ræddi um að setja inn merkinguna „ósvarað“ eða „svar enn ekki borist“ með rauðu lettri við listann *Ábendingar* á heimasíðunni íslenskan.is til að vekja athygli á þeim erindum málnefndar sem hefði ekki verið svarað.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 15.20.

Guðrún Kvaran
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.